

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
150 Reykjavík


Reykjavík, 07.02.2002
Tilv. 40.11
JMG/eí

Efni: Álitsbeiðni um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, þingskjal 44.

Beðist er velvirðingar á drætti sem orðið hefur að senda svar spítalans vegna umbeðinnar álitsgerðar. Í von um að síðkomið svar gagnist hinu háa Alþingi er svar spítalans sent, þó seint sé.

Læknaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss svo og yfirlæknir lyflækningadeildar krabbameina hafa að beiðni framkvæmdastjórnar spítalans tekið afstöðu til tilvitnaðrar tillögu til þingsályktunar og fylgja þau álit hér með í afriti. Niðurstöður beggja þessara ráðgjafa framkvæmdastjórnar eru á þann veg að styðja framgang þingsályktunartillögunnar. Leyfir framkvæmdastjórn spítalans sér að taka undir afstöðu læknaráðs spítalans og yfirlæknis lyflækningadeildar krabbameina og mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,



Jóhannes M. Gunnarsson
lækningaforstjóri



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Reykjavík, 4. desember 2001 

12 DES. 2001

MÓTTÉKIÐ

Hr. lækningaforstjóri
Jóhannes M. Gunnarsson
Eiríksstöðum

Greinargerð vegna tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi

Virðulegi lækningaforstjóri
kæri Jóhannes M. Gunnarsson,

Vísað er til bréfs þíns frá 28. nóvember, þar sem stjórn lækna ráðs er beðin um álit á tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi. Framkvæmdastjórn LSH óskar eftir afstöðu lækna ráðs til þessarar tillögu á þingskjali 44 sem meðfylgjandi var. Fram kemur að LSH mun síðan byggja svar sitt á álit lækna ráðs.

Tillagan til þingsályktunarinnar er um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum. Þetta sýnist ekki kannski alveg nákvæmt orðalag, þótt ástæðulaust sé að misskilja meininguna, en hins vegar veldur ekki misskilningi þar sem segir að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hringa í framkvæmd viðtæku forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum eftir því sem fært er í baráttu við aðrar algengustu tengundir krabbameina hér á landi og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarna- og leitarstarf vegna þeirra. Ekki þykir ástæða til að gera úr þessu langt mál út af fyrir sig, en vera má að með orðunum “öðrum sjúkdómum þeim tengdum” sé átt við sjúkdóma í meltingarvegi sem geti leitt til krabbameinsmyndunar þar.

Í stuttu máli þá lýsir stjórn lækna ráðs LSH fullum stuðningi við þingsályktunartillögu þessa og mælir með samþykki hennar og að nauðsynlegur grundvöllur verði skapaður til þess að þarf sem hún kveður á um komi til framkvæmda.

Ítarleg greinargerð fylgir með þingsályktunartillögu þessari og er í þingsályktunartillögunni stuðst við upplýsingar frá Krabbameinsfélagi Íslands og könnun á ristilkrabbameini á Íslandi frá 1955-1989, en ritgerð um það efni, þ.e. ristilkrabbamein á Íslandi 1955-1989 var birt í Læknablaðinu 2-2001 (2001-87). Er ritgerð þessi eftir lækna Lárus Jónasson, Jónas Hallgrímsson, Ásgeir Theódórs, Þorvald Jónsson, Jónas Magnússon og Jón Gunnlaug Jónasson.

Í greinargerðinni eru skilgreind þrjú stig forvarna. Fyrsta stig forvarna snýr að því að minnka hættu á sjúkdómum og koma í veg fyrir þá með því að fjarlægja áhættuþætti og orsakir sem annaðhvort sannanlega eða með miklum líkindum geta stuðlað að myndum krabbameina í hinum ýmsu líffærum. Annað stig forvarna snýr að áhættuhópum og þeim sem eru með forstigeinkenni krabbameins. Þær felast í því að greina krabbamein á forstigi og skipuleg krabbameinsleit telst til annars stigs forvarna. Markmið skipulegrar krabbameinsleitar er að greina sjúkdóminn hjá einstaklingum sem eru án ytri einkenna. Þær kröfur eru gerðar til leitaráðferðarinnar að hún sé nægjanlega nákvæm og áreiðanleg til að hægt sé að greina sjúkdóminn á frumstigi eða greina forstig hans og að meðferð sem stendur til boða beri árangur. Þegar til þessa er horft er ekki talið skynsamlegt að beita skipulegri leit að krabbameini við allar tegundir

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 560 2050 • fax: 560 1957 • netfang:

laknarad@landspitali.is

Þeirra þriðja stigs forvarnir eiga við þá sem eru með krabbamein. Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir á þingskjali 44 snýr að I. og II. stigs forvörnum og þá gegn krabbameini í meltingarvegi en þó fyrst og fremst í ristli og endaparmi. Krabbamein í ristli og endaparmi eru þriðju algengustu krabbameinin hér á landi hjá báðum kynjum og samtals eru þau litlu færri en lungnakrabbamein. Vegna krabbameina í meltingarvegi er svo frá því að greina að krabbamein í maga hefur verið á undanhaldi á síðustu áratugum og hefur fallið um 70% hjá báðum kynjum frá sjötta áratugnum. Þetta er talið stafa m.a. af breyttum neysluvenjum og einnig nýrri lyfjameðferð við magabólgu. Það hefur verið mat sérfræðinga að ósennilegt sé að hafin verði skipuleg leit að magakrabbameini hér á landi.

Krabbamein í ristli og endaparmi hefur hins vegar aukist um 60% hjá báðum kynjum frá sjötta áratugnum. Erlendar rannsóknir benda til þess að hægt sé að lækka dánartíðni um allt að 15-33% með rannsókn á blóði í hægðum á 1-2ja ára fresti. Leit að krabbameini í ristli og endaparmi fer nú fram í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Japan og er í undirbúningi í Ástralíu og Ísrael.

Í ritgerð þeirri sem vísað er til fyrr og í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vitnað í, kemur fram að nýgengi ristilkrabbameina hefur farið hækkandi meðal þeirra þjóða heims sem búa við almenna vegmegun og nýgengi samkvæmt krabbameinsskrá hjá Íslendingum á rannsóknatímabilinu 1955-1989 sýnir að ristil- og endaparmskrabbamein hafa þrefaldast meðal karla og nær tvöfaldast meðal kvenna og er svipuð aukning hjá hinum Norðurlandþjóðunum nema þá Svíum.


Nú er hægt vegna framfara í læknavísindum og framfara í tækjakosti til rannsókna og aðgerða að beina forvarnarstarfi og leit að einkennum um forstigs krabbameina í ristli og endaparmi. Þetta forvarnarstarf krefst almennra rannsókna til að greina forstig krabbameins eða mein á frumstigi og skipulegra viðbragða vegna þeirra sem greinast með sjúkdóm. Hægt er með rannsóknum að átta sig á hugsanlegu forstigi eða frumstigi þessara æxla. Ljóst er að mögulegar skimunaraðferðir eftir settum reglum myndu geta leitt til greiningar krabbameins í ristli og endaparmi svo snemma í sjúkdómsgangi að til lækninga myndi leiða langt umfram það sem nú er.

Hér á landi hefur leit vegna krabbameins í leghálsi skilað umtalsverðum árangri. Skipuleg krabbameinsleit í brjóstum kvenna hefur ekki skilað jafnmiklum árangri og talið byggjast m.a. á ófullnægjandi samfelli í eftirlitinu.

Stjórn lækna ráðs sér ekki ástæðu til að leggja fram neinar breytingar á þingsályktunartillögunni né heldur að bæta neinu sérstöku við greinargerð þá sem henni fylgir.

Stjórn lækna ráðs styður auðvitað allt markvisst starf í baráttu gegna krabbameinum. Stjórn lækna ráðs styður auðvitað leit að krabbameini í ristli og endaparmi. Krabbamein þessi hafa farið vaxandi hjá báðum kynjum. Aðferðir eru til að greina þau á forstigi eða frumstigi. Með slíkri greiningu má verulega draga úr sjúkleika og dánartíðni af þeirra völdum. Því ber að styðja framtak af þessu tagi.

Stjórn lækna ráðs ítrekar stuðning sinn við efni þingsályktunartillögunnar.

Með bestu kveðjum,

Sverrir Bergmann formaður
lækna ráðs LSH

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 560 2050 • fax: 560 1957 • netfang:

laknarad@landspitali.is



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Sigurður Björnsson
yfirlæknir
lyflækningadeildar krabbameina

Reykjavík 4. desember 2001



- 7 DES. 2001

MÓTTEKIÐ

Hr. lækningaforstjóri
Jóhannes M. Gunnarsson
Landspítala-háskólasjúkrahúsi

Efni: Álitsgerð um tillögu til þingsályktunar um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

I.

Lækningaforstjóri hefur með bréfi dagsettu hinn 28. 11. sl óskað eftir áliti mínu á framangreindri þingsályktunartillögu, sem nú er til umræðu á Alþingi, borin fram af Árna R. Árnasyni og sautján öðrum þingmönnum.

Þingsályktunartillagan hljóðar svona: "Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd viðtæku forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi og hefja síðar skipulegt og reglubundið forvarna- og leitarstarf vegna þeirra.

Leitar- og forvarnastarf verði byggt á þeim grunni, sem lagður hefur verið með starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og samstarfsaðila þess, auk viðtækrar samvinnu allra aðila innan og utan heilbrigðisþjónustunnar sem vinna að málefnum krabbameinssjúkra, í heilbrigðisþjónustu, við rannsóknir, í forvarnastarfi, fræðslu og stuðningsþjónustu."

Tillögunni fylgir ítarleg greinargerð þar sem einkum er fjallað um faraldsfræði krabbameina, gildi forvarna og leitarstarfs og hugsanlegar aðferðir til að ná settum markmiðum.

II.

Fagna ber því að tekizt hefur á Alþingi að ná samstöðu svo margra þingmanna úr öllum stjórn málaflökkum um flutning tillögu sem þessarar. Að mínu mati ber flutningur tillögunnar vott um viðtækan skilning þingmanna á mikilvægi forvarna bæði að því er varðar heilbrigðan lífsstíl og vakningu vitundar meðal þjóðarinnar á gildi þess að greina og meðhöndla krabbamein eins snemma og kostur er. Nú þegar eru Íslendingar í fremstu röð að því er varðar skipulagða leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum kvenna og lífun kvenna, sem greinast með þessa sjúkdóma á Íslandi er með því bezta, sem þekkist.

Ljóst er hinsvegar að mikið skortir á að sama gildi um krabbamein í ristli og endaparmi, þar má gera mun betur sé þeirri vitneskju og tækni beitt, sem þegar er fyrir hendi. Með samstilltu átaki heilbrigðisyfirvalda, almennings, heilsugæzlunnar og sérfræðinga í meltingarsjúkdómum og samvinnu við þau áhugamannafélög og stofnanir, sem unnið hafa að fræðslu- og forvarnarstarfi á sviði krabbameina er ég sannfærður um að bæta megi verulega lífsgæði og lífslíkur þeirra, sem greinast með krabbamein í meltingarfærum.

III.


Nú fleygir fram þekkingu manna á tilurð og þróun krabbameina í meltingarfærum. Vitað er að mörg ef ekki flest krabbamein í ristli og endaparmi eiga upptök sín í sepum, sem í fyrstu eru taldir vera góðkynja en geta með tímanum tekið upp háttalag krabbameina. Með því að finna og fjarlægja slíka sepa úr ristli er unnt að koma í veg fyrir tilurð krabbameinsins. Jafnframt eru að koma fram aðferðir til að koma í veg fyrir að slíkir separ myndist og eyða með lyfjum þeim, sem kunna að vera til staðar. Á Íslandi eru kjöraðstæður til vísindarannsókna á krabbameinum í meltingarvegi, grunnrannsókna jafnt og rannsókna tengdum sjúklingum og er Landspítali-háskólasjúkrahús þegar þátttakandi í slíku vísindasamstarfi.

IV.

Undirritaður leggur til að Landspítali-háskólassjúkrahús styðji þingsályktunartillögu þá, sem hér er til umræðu og verði ríkisstjórninni til ráðgjafar um að markmiðum hennar verði náð.

Undirritaður þakkar framkvæmdastjórn og lækningaforstjóra fyrir að hafa fengið tækifæri til að tjá sig um þingsályktunartillöguna.

Með vinsemd og virðingu


Sigurður Björnsson